



MOSFELLSBÆR

**Reykjabúið, Suður Reykjum  
Tillaga að deiliskipulagi**

**UMHVERFISSKÝRSLA  
skv. lögum nr. 105/2006**

**Júní 2016**

### Útgáfusaga

Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.
<b>1</b>	Friðrik K. Gunnarsson	24.6.16	Ólafur Árnason Jón Magnús Jónsson	24.6.16	Friðrik K. Gunnarsson	25.6.16

Efnisyfirlit	
<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>1</b>
<b>UMHVERFISSKÝRSLA</b> .....	<b>3</b>
<b>VIÐMIÐ</b> .....	<b>3</b>
<b>VALKOSTIR</b> .....	<b>3</b>
<b>STARFSEMIN</b> .....	<b>3</b>
<b>UMHVERFISMAT</b> .....	<b>4</b>
<b>LOFTGÆÐI</b> .....	<b>4</b>
<b>ÚRGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>FRÁRENNSLI</b> .....	<b>4</b>
<b>ANNAD</b> .....	<b>4</b>
<b>SAMANTEKT MATS Á ÁHRIFUM</b> .....	<b>5</b>
<b>VÖKTUN</b> .....	<b>5</b>
<b>NIÐURSTAÐA</b> .....	<b>5</b>



## Reykjabúið, Suður Reykjum - Tillaga að deiliskipulagi

### Umhverfisskýrsla

Umhverfisskýrsla er unnin skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að stefna skipulagsins hafi áhrif á og mótvægisáðgerðir ef við á.

Varmá liggur í gegnum skipulagssvæðið og er áin á náttúruminjaskrá. Skipulagið felur ekki sér framkvæmdir í nánd við ána eða annað rask á henni og áhrif á hana eru því engin. Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu. Af framangreindum ástæðum er ekki talin ástæða til að fjalla nánar um náttúruvernd eða fornminjar í tengslum við skipulagið. Þeir þættir í starfseminni sem deiliskipulagið tekur til og taldir eru valda áhrifum eru:

- Lykt
- Magn búfjáraburðar
- Frárennsli

Um efni og stefnumið áætlunarinnar er fjallað í greinargerð og þar er einnig að finna lýsingu á staðháttum.

### Viðmið

Þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar matinu eru auk starfsleyfis búsinis og markmiða aðalskipulags um landbúnaðarsvæði talin upp í töflu að neðan:

Viðmið/Umhverfisþáttur	Lykt	Skítur/ búfjáraburður	Frárennsli
Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp			x
Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns			x
Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri		X	
Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði	x		
Starfsreglur um góða búskaparhætti (Umhverfisstofnun, 2002)	x	x	x

### Valkostir

Þeir valkostir sem fjallað er um eru annarsvegar endurnýjun húsa og uppbygging skv. deiliskipulaginu og hinsvegar að ekki verði um neina uppbyggingu að ræða, þ.e. óbreytt ástand.

### Starfsemin

Reykjabúið hefur verið rekið að Reykjum síðan 1947 en á sjöunda áratugnum hófst þar kjúklinga- og kalkúnarækt. Framkvæmdinni er ætlað að skapa möguleika til frekari uppbyggingar með það að markmiði að bæta aðbúnað og aðstöðu búsinis með óverulegri fjölgun fugla. Búið hefur starfsleyfi fyrir rekstri alifuglabús og er það í gildi til 25. mars 2025. Í dag eru á búinu um 8.000 holdahænur og 1.000 stofnkalkúnar, þ.e. alls 9.000 stæði, en að framkvæmd lokinni nemur fjöldi alifugla allt að 9.000 holdahænum og 1.000 stofnkalkúnum, þannig að heildarfjöldi stæða yrði alls 10.000. Leiðir þetta til þess að rúmt verður í húsum og allur aðbúnaður fugla betri. Fjallað er um byggingar og byggingamagn í greinargerð. Við óbreytt ástand verður engin breyting frá núverandi rekstri búsinis.

## Umhverfismat

### Loftgæði

Í núverandi rekstri verður ekki vart við lykt frá húsum. Ný hús verða búin öflugum loftræstibúnaði og búnaður í eldri húsum verður endurnýjaður. Þannig verður tryggt að lykt sem getur borist frá húsum sé í lágmarki og að reksturinn samræmist þannig meginreglum reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði. Þar sem rúmt verður í eldishúsum verður styrkleiki lyktar við uppsprettu minni en ef þéttara væri í húsunum. Auk þess verður þá auðveldara að halda skít þurrum sem minnkar hættu á að lykt myndist. Áhrif áætlunarinnar á lykt eru því metin jákvæð. Við óbreytt ástand verður engin breyting frá núverandi rekstri.

### Úrgangur

Ráðstöfun og dreifing á skít eru í samræmi við starfsleyfi búsins og starfsreglur um góða búskaparhætti. Úrbætur á söfnun, meðferð og geymslu á skít hafa verið unnar sl. ár í samráði við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og komið hefur verið fyrir geymslu á skít á malbikuðu plani í Skammadal. Skítur sem myndast á búinu er nýttur sem áburður við tún- og kálrækt eða til uppgræðslu á Suður-Reykjum og nærliggjandi bæjum, en fyrirtækið hefur einnig nýtt skít til uppgræðslu á eigin landsvæðum fjær búinu (í Skammadal). Ekki verður um aukningu á dreifingu á skít á tún næst búinu. Geymsla og dreifing skíts er því í samræmi við starfsleyfi búsins, starfsreglur um góða búskaparhætti og reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Meðferð annars úrgangs er og verður í samræmi við kröfur í starfsleyfi búsins. Áhrif skipulagsins á myndun skíts eru metin óveruleg og áhrif á ráðstöfun skíts eru metin engin. Við óbreytt ástand verður engin breyting frá núverandi rekstri.

### Frárennsli

Skipulagið gerir ráð fyrir bættu fyrirkomulagi fráveitu, því að ný og eldri hús verða tengd við fráveitukerfi Mosfellsbæjar, í lögn sem liggur um skipulagssvæðið og flytur skólp um útrás til sjávar og samræmist þannig kröfum í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp og í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Núverandi þær verða áfram nýttar til grófhreinsunar áður en skólpi er veitt í fráveitukerfið. Ofanvatni af þökum og lokuðu yfirborði verður veitt í regnvatnskerfi sem liggur í Varmá. Áhrif skipulagsins á fráveitumál eru því metin vera jákvæð. Við óbreytt ástand verður engin breyting frá núverandi rekstri og skólp áfram leitt í rotþró.

### Annað

Skipulagið gerir ráð fyrir því að öll ný hús verði með gestaglugga úr tengigangi þannig að megi sýna inn í húsin án þess að fara þurfi yfir sóttvarnarþröskulda. Einnig gerir skipulagið ráð fyrir því að aukið sé við rými fyrir heimasölu þar sem aukin eftirspurn neytenda er eftir því að geta keypt inn beint frá býli. Að því leyti er um að ræða jákvæð áhrif skipulagsins þar sem það opnar fyrir aðgengi að bú í rekstri og hægt er að nýta búið til fræðslu skólanemanda eða annara sem áhuga hafa auk þess að boðið er upp á fleiri valkosti fyrir neytendur. Við óbreytt ástand verður óbreytt fyrirkomulag á heimasölu, en gestamóttökur verða takmarkaðar vegna sóttvarna.

## Samantekt mats á áhrifum

Valkostir	Umhverfisþættir			Annað
	Loftgæði	Frárennsli	Úrgangur	Gestir/heimasala
Uppbygging skv. deiliskipulagi	Uppbygging nýrra húsa með loftræstikerfi og endurnýjun kerfa í eldri húsum. Stærri hús, með færri dýrum á fermetra, þannig að uppspretta lyktarónæðis minnkar.	Frárennsli verður veitt í frárennislögn Mosfellsbæjar sem liggur um skipulagssvæði.	Óveruleg aukning verður á magni af skít.	Bætt aðstaða fyrir heimasölu. Gestamóttaka og gesta gluggar til sýna inn í húsin.
Óbreytt ástand	Óbreytt ástand frá núverandi rekstri	Óbreytt ástand frá núverandi rekstri	Óbreytt ástand frá núverandi rekstri	Óbreytt ástand frá núverandi rekstri

Jákvæð áhrif	Neikvæð áhrif	Óveruleg áhrif	Engin áhrif
--------------	---------------	----------------	-------------

### Vöktun

Starfsleyfi búsins til að starfrækja alifuglabú gerir ekki skilyrði um sérstaka vöktun rekstaraðila. Ekki er talin vera ástæða til að setja fram vöktunaráætlun þar sem umhverfisáhrif deiliskipulagsins eru í mesta lagi óveruleg.

### Niðurstaða

Áhrif af völdum deiliskipulagsins eru ekki líkleg til að vera veruleg, þar sem um er að ræða endurnýjun á húsakosti bús sem er nú þegar í rekstri, og fjölgun stæða á búinu er óveruleg. Fjölgun stæða á búinu er óveruleg, eða um 1.000 stæði, og ekki til þess fallin að auka álag frá búrekstri. Áhrif á loftgæði eru metin vera jákvæð, þar að eldri búnaður verður endurnýjaður og allstaðar verður öflugur loftræstibúnaður, auk þess sem að rýmra verður um fugla og styrkleiki uppsprettu minni. Áhrif á frárennsli eru metin vera jákvæð með tilkomu tengingar við fráveitu og engin áhrif eru á geymslu og dreifingu á skít þar sem fyrirkomulag er óbreytt og magnaukning er óveruleg. Rekstur búsins innan deiliskipulagssvæðis mun verða í samræmi við kröfur gildandi starfsleyfis, starfsreglur um góða búskaparhætti og gildandi lög og reglugerðir og kvaðir deiliskipulags. Er því lítil hættá á að mengun verði af völdum skipulagsins. Starfsleyfi gerir ekki kröfu til rekstaraðila um vöktun og þar sem áhrif eru í mesta lagi óveruleg er ekki talin ástæða til að setja fram vöktunaráætlun.